

5. apríl 2018

Ávarp

Þórunnar Guðmundsdóttur formanns bankaráðs á 57. ársfundum Seðlabanka Íslands, 5. apríl 2018.

Hæstvirtur Forseti Íslands, forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnararáðherra, forseti Alþingis, bankastjórnar, sendifulltrúar erlendra ríkja og aðrir góðir gestir. Ég býð ykkur velkomin og set hér með fimmtugasta og sjöunda ársfund Seðlabanka Íslands.

Eins og áður hefur komið fram við þetta tækifæri er lögbundið hlutverk bankaráðs að hafa eftirlit með því að Seðlabanki Íslands starfi í samræmi við lög sem um starfsemina gilda. Auk þess staðfestir bankaráð ýmsar ákvarðanir og reglur sem seðlabankastjóri setur. Ráðið er skipað sjö fulltrúum sem kosnir eru að loknum kosningum til Alþingis.

Í upphafi árs 2017 var bankaráð þannig skipað að formaður var Þórunn Guðmundsdóttir. Aðrir aðalfulltrúar voru Jón Helgi Egilsson, Ingibjörg Ingvadóttir, Ragnar Árnason, Ágúst Ólafur Ágústsson, Björn Valur Gíslason og Auður Hermannsdóttir.

Kosið var í bankaráð 25. apríl 2017 en kjörnir aðalfulltrúar voru Þórunn Guðmundsdóttir, sem var kosin formaður á fyrsta fundi nýkjörins ráðs, Björn Valur Gíslason, Sigurður Kári Kristjánsson, Þór Saari, Sveinn Agnarsson, Frosti Sigurjónsson og Auður Hermannsdóttir. Bankaráð hélt 13 fundum á árinu.

Eins og fram kemur í *ársskýrslu* þeirri sem liggur hér frammi sinnir Seðlabankinn reglubundnum verkefnum í tengslum við markmið bankans auk ýmissa átaksverkefna. Í mars á síðasta ári var þeim sögulega áfanga náð að fjármagnshöft voru losuð að mestu leyti. Enn er þó unnið að mikilvægum verkefnum sem tengjast endanlegri losun haftanna og nýrri umgjörð um gjaldeyrismál eftir að höftin eru farin.

Þá var á árinu unnið að viðamiklum endurbótum á upplýsingatækni innanhúss og tekið í notkun nýtt viðskiptakerfi eftir talsverðan undirbúning. Jafnframt átti sér stað mikil vinna við endurnýjun á millibankakerfum bankans, svokölluðu jöfnunarkerfi og stórgreiðslukerfi. Sú vinna heldur áfram á þessu ári en dreifa verður vinnu við innleiðingu fjármálainnviða sem nú stendur yfir í bankakerfinu til að draga úr áhættu við hana og álagi á upplýsingatæknideildir og Reiknistofu bankanna.

Samkvæmt lögum er meginmarkmið Seðlabanka Íslands að stuðla að stöðugu verðlagi. Jafnframt skal Seðlabankinn stuðla að fjármálastöðugleika. Verðbólga hélst undir verðbólguþröngunni allt síðasta ár. Peningastefnunefnd hélt meginvöxtum bankans óbreyttum framan af ári, en lækkaði þá í maí, júní og október um samtals 0,75 prósentur. Nánar er greint frá þessu í öðrum kafla *ársskýrslu* bankans. Á árinu 2017 voru efnahagsleg skilyrði í meginatriðum hagstæð fjármálakerfinu. Eins og fyrir ári var skuldsetning heimila og fyrirtækja tiltölulega hófleg í sögulegu samhengi og svigrúm þeirra til að mæta áföllum meira en um langt skeið. Staða stóru viðskiptabankanna í árslok var traust; eiginfjárlutföll voru há og lausafjárstaða vel yfir lágmarkum. Um þetta er nánar fjallað í þriðja kafla *ársskýrslunnar*.

Eitt af meginhlutverkum Seðlabankans er að varðveita gjaldeyrisforða landsmanna. Gjaldyrisforðinn hefur verið nokkuð stór undanfarin ár. Á síðasta ári minnkaði hann um tæplega 130 milljarða króna og nam 687 milljörðum króna í árslok. Minnkun hans stafaði einkum af uppgjöri við aflandskrónueigendur og endurgreiðslu erlendra skulda ríkissjóðs. Eftir sem áður var forðinn enn stór í árslok á flesta mælikvarða.

Samkvæmt rekstrarreikningi var tap af rekstri bankans rúmlega 23 milljarðar króna á árinu 2017 en árið áður var tapið tæplega 35 milljarðar króna. Neikvæð afkoma bankans er einkum af völdum gjaldeyrisforðans og skýrist af neikvæðum gengis- og vaxtamun eins og sjá má í reikningum sem hér liggja frammi.

Laun og launatengd gjöld drögust saman um 3% á milli ára eftir að hafa aukist um 9% árið á undan. Eignir bankans námu um 764 milljörðum króna í lok ársins en eigið fé lækkaði úr 44 milljörðum í 22 milljarða króna. Eiginfjárlutfall bankans var 2,9% í árslok samanborið við 5% í árslok 2016 og 8,6% í árslok 2015. Ekki kemur til ráðstöfunar á hagnaði og bankinn telur ekki tímabært að taka ákvörðun um innköllun eigin fjár á grundvelli 34. greinar laga nr. 36/2001, eins og fram kemur í *ársskýrslunni*.

Á síðasta ári urðu tímamót í rekstri félaga í eigu bankans, þegar hafið var slitaferli á Eignasafni Seðlabanka Íslands ehf., eða ESÍ. Skilanevnd var skipuð yfir félagið í október og lauk innköllun í það í desember sl. Slitaferli félaga í eigu ESÍ, þ.e. Hildu og SPB, hófst einnig á síðasta ári og lauk innköllun í þau félög í júlí sl. Stefnt er að því að ljúka slitum á þessum félögum á þessu ári.

ESÍ var stofnað í árslok 2009 og hafði það hlutverk að varðveita, vinna úr og innheimta þær kröfur sem Seðlabankinn átti í kjölfar bankahrunsins. Þegar félagið var stofnað hljóðaði efnahagsreikningur þess upp á 491 milljarð króna en eigið fé var ein milljón króna. Í lok síðasta árs var stærð efnahagsreikningsins komin niður í ríflega 8 milljarða króna og var stór hluti þess bankainnstæður. Á þessum 8 árum frá stofnun hefur ESÍ gert upp að fullu lán sitt við Seðlabankann, greitt um 69 milljarða króna í vexti og sömu upphæð í arð til Seðlabankans auk þess sem greiddir hafa verið tæplega 20 milljarðar króna í skatta til ríkissjóðs. Félagið hefur

Því skilað samtals um 157 milljörðum króna til Seðlabankans og ríkissjóðs. Með slitum á ESÍ er lokið flóknu uppgjörsverkefni sem dótturfélagi bankans var falið að leysa og þýðingarmiklu tímabili í kjölfar bankahrunsins lokið.

Mikilvægt lokaskref var tekið í losun fjármagnshafta í mars á síðasta ári án þess að það raskaði í nokkru fjármálalegum eða efnahagslegum stöðugleika. Losun hafta kann að hafa tekið lengri tíma en margir vonuðust eftir, en ferlið var vel skipulagt og hafði alla tíð að leiðarljósi að áhrifin á hagkerfið yrðu sem minnst. Sú varð og raunin. Fjármagnshöftin voru talsvert inn grip, en það var líka nokkurt verk að losa um þau, en þar hefur gjaldeyriseftirlit Seðlabankans átt stóran hlut að máli bæði við reglusetningu og úrlausn ýmissa mála.

Nærfellt áratugur er nú liðinn frá því að alvarleg gjaldeyriskreppa skall á og bankakerfið komst í prot. Þessir atburðir settu mark á þjóðlífið og gera það á vissan hátt enn. Á þessum tímamótum verður ugglaut tilefni til að staldra við og horfa til baka og meta hvernig til hefur tekist. Vissulega tók lengri tíma en upphaflega var áætlað að greiða úr áfallinu og þeim flækjum sem hrunið olli. Við getum þó sagt að á heildina litið hafi tekist vel til og að þjóðarhagur standi nú traustari fótum en nokkur þorði að vona eða nokkurn óraði fyrir. Vafalaust verður áfram deilt um atburði í aðdraganda kreppunnar og viðbrögð í kjölfarið. Þó verður vart deilt um að innan þessara veggja var unnið þrekvirki við að bjarga því sem bjargað varð, meðal annars að tryggja fjármálaþjónustu og greiðslumiðlun í landinu og við útlönd þegar brotsjór kreppunnar reið yfir og í kjölfar hans.

Í lok árs 2017 voru samtals 185 starfsmenn í Seðlabankanum. Kynjahlutfallið hélst nokkuð jafnt, en í árslok störfuðu í bankanum 92 karlar og 93 konur. Í hópi framkvæmdastjóra voru sex karlar og fimm konur fyrir áramótin, en það breyttist eftir áramótin þannig að konur í þeirri stöðu voru orðnar sex og karlarnir fimm.

Þótt meginmarkmið í starfi Seðlabankans hafi verið einfaldað með lagabreytingu árið 2001 við það að stuðla að stöðugu verðlagi eru markmiðin fleiri og verkefnið allmörg. Hér í bankanum er stunduð vönduð rannsóknarstarfsemi á sviði bankans eins og útgefin rit og ritgerðir bera vitni um. Gagnasöfnun og upplýsingavinnsla þarf að uppfylla þær ströngu alþjóðlegu kröfur sem þátttaka okkar í alþjóðlegu samstarfi setur okkur og hvarvetna þarf að vanda sem best til verka hvort sem það er við reglusetningu, meðferð fjármuna eða í samskiptum við önnur stjórnvöld, aðra innlenda aðila eða erlenda. Til að vinna verkin og ná þeim markmiðum sem starfseminni eru sett þarf hæft starfsfólk og bankinn þarf að búa yfir styrk til að rækja lögbundið hlutverk sitt.

Ég vil því að lokum nota þetta tækifæri til að þakka starfsmönnum bankans fyrir einstaklega gott samstarf á árinu 2017. Þá vil ég sérstaklega þakka fulltrúum í bankaráði, seðlabankastjóra, aðstoðarseðlabankastjóra, ritara bankaráðs og innri endurskoðanda fyrir gott samstarf. Við hlýðum nú á ávarp Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra og að því loknu tekur Már Guðmundsson seðlabankastjóri til máls.

